

REGLUGERÐ

um skólanefndir við framhaldsskóla.

1. gr.

Menntamálaráðherra skipar skólanefnd við hvern framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd skulu sitja 5 menn: þrjú fulltrúar án tilnefningar og skulu þeir að jafnaði búsettir í sveitarfélagi sem á aðild að skólanum, tveir fulltrúar tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarstjórn/-um í viðkomandi landshluta. Varamenn eru valdir með sama hætti. Nefndin velur sér formann til eins árs í senn. Skólameistari kallar skólanefnd saman til fyrsta fundar og stýrir kjöri formanns.

Áheyrnarfulltrúar eru tveir með málfrelsi og tillögurétt, tilnefndir til eins árs í senn, annar af kennurum skólans en hinn af nemendafélagi skólans. Skólameistari skal leita eftir tilnefningum áheyrnarfulltrúa.

Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt og er framkvæmdastjóri hennar. Skólameistari undirbýr fundi skólanefndar í samráði við formann.

2. gr.

Með vísan til heimildar í 3. mgr. 6. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla eru skólanefndir Stýrimannaskólans í Reykjavík og Vélskóla Íslands skipaðar sem hér segir:

- a. Stýrimannaskólinn í Reykjavík: Menntamálaráðherra skipar 5 menn í skólanefnd skólans til fjögurra ára sem hér segir: Tvo samkvæmt tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, annan úr farmannastétt, hinn úr fiskimannastétt, einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands íslenskra útvegsmanna og einn án tilnefningar. Varamenn eru valdir með sama hætti. Nefndin velur sér formann til eins árs í senn.

Áheyrnarfulltrúar eru tveir með málfrelsi og tillögurétt, tilnefndir til eins árs í senn, annar af kennurum skólans en hinn af nemendafélagi skólans. Skólameistari skal leita eftir tilnefningum áheyrnarfulltrúa.

Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt og er framkvæmdastjóri hennar. Skólameistari undirbýr fundi skólanefndar í samráði við formann.

- b. Vélskóli Íslands: Menntamálaráðherra skipar 5 menn í skólanefnd skólans til fjögurra ára sem hér segir: Tvo samkvæmt tilnefningu Vélstjórafélags Íslands, tvo samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og einn án tilnefningar.

Varamenn eru valdir með sama hætti. Nefndin velur sér formann til eins árs í senn. Áheyrnarfulltrúar eru tveir með málfrelsi og tillögurétt, tilnefndir til eins árs í senn, annar af kennurum skólans en hinn af nemendafélagi skólans. Skólameistari skal leita eftir tilnefningum áheyrnarfulltrúa.

Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt og er framkvæmdastjóri hennar. Skólameistari undirbýr fundi skólanefndar í samráði við formann.

3. gr.

Ráðherra getur heimilað sveitarstjórn/-um að tveir framhaldsskólar eða fleiri sameinist um eina skólanefnd.

4. gr.

Hlutverk skólanefndar er að:

- a. marka áherslur í starfi skólans og stuðla að sem bestum tengslum hans við atvinnu- og menningarlíf,
- b. stuðla að bættu samstarfi skóla og atvinnulífs í viðkomandi byggðarlagi. Í því skyni er skólanefnd heimilt að setja á fót sérstakar ráðgjafarnefndir sem í skulu sitja fulltrúar skóla, launþega og atvinnurekenda,

- c. ákveða ásamt skólameistara námsframboð skóla. Ákvörðunin er háð samþykki menntamálaráðherra,
- d. samþykkja skólanámskrá skólans að fenginni umsögn almenns kennarafundar og fylgjast með framkvæmd hennar,
- e. gera árlega starfs- og fjárhagsáætlun fyrir skólann til þriggja ára í senn og leita samþykkis menntamálaráðherra fyrir henni,
- f. gera í upphafi hvers árs fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og fylgjast með að henni sé framfylgt,
- g. gera menntamálaráðherra grein fyrir rekstrarstöðu skólans í febrúar og ágúst ár hvert,
- h. ákveða upphæð þeirra gjalda sem nemendum er gert að greiða skv. lögum,
- i. fjalla um samninga sem viðkomandi skóli er aðili að, s.s. samninga við menntamálaráðuneytið, fyrirtæki eða stofnanir,
- j. staðfesta samninga sem gerðir eru um notkun heimavistarhúsnæðis utan skólatíma,
- k. setja reglur um notkun skólahúsnæðis utan skólatíma og ákveða upphæð gjalds er tekið skal fyrir slík afnot,
- l. gera tillögur til menntamálaráðherra um ráðningu skólameistara,
- m. vera skólameistara til samráðs um starfsmannaráðningar við skólann.

Skólanefnd er heimilt, ef þörf krefur, að millifæra fé af rekstrarlið fjárlaga til launaliðar og af launalið til rekstrarliðar. Menntamálaráðuneytið stendur að þeirri millifærslu að fengnu almennu rekstraryfirliti og upplýsingum um fjölda nemenda frá viðkomandi skóla.

Skólanefnd getur stofnað sjóði við skólann með sérgreindum fjárhag. Skal um þá sett skipulagsskrá, leitað staðfestingar á henni og hún birt í Stjórnartíðindum.

5. gr.

Fráfarandi skólanefnd heldur fullu starfsumboði þar til ný nefnd hefur verið skipuð.

6. gr.

Halda skal gerðabók um skólanefndarfundi og senda skólaráði og menntamálaráðuneyti afrit fundargerða nema þegar um trúnaðarmál er að ræða. Fundargerðir skólanefndarfunda skulu liggja frammi í skólanum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 6. og 7. grein laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 11. febrúar 1997.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.